

Nd.

1289. Breytingartillögur

[423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÞP, FrS, HBl, KJóh).

1. Við 5. gr. Aftan við 3. mgr. bætist: Ráðherra skal breyta lágmarksfjárhæð hlutafjár samkvæmt þessari grein í hátt við almennar verðlagsbreytingar. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur a. m. k. 20% frá því breyting var síðast gerð. Lágmarksfjárhæðin skal jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna og taka gildi við upphaf árs.
2. Við 8. gr. 1. másl. 2. mgr. orðist svo:
Ákvæði XVII. kafla laga um hlutafélög gilda um þær umboðsskrifstofur sem settar eru á stofn samkvæmt 1. mgr. en að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, þ. á m. um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfisins ef starfrækslan brýtur í bága við settar reglur.
3. Við 21. gr. 4. mgr. orðist svo:
Bankaráð mótar stefnu bankans í vaxtamálum og setur að fenginni umsögn bankastjórnar og bankaeftirlits almennar reglur um lánveitingar bankans.
4. Við 26. gr. Orðin „að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti“ í 2. mgr. falli brott.
5. Við 28. gr. Orðin „sbr. þó 30. gr.“ í 3. mgr. falli brott.
6. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
Viðskiptabanki getur starfrækt veðdeild innan bankans.
7. Við 36. gr. 1. másl. 1. mgr. orðist svo:
Eigið fé viðskiptabanka má á hverjum tíma eigi vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings bankans.
8. Við 42. gr. 2. mgr. falli brott.
9. Á eftir VIII. kafla komi nýr kafli er orðist svo:

IX. KAFLI

Tryggingarsjóður viðskiptabanka.

51. gr.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag og hefur það markmið að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að samkvæmt 1. mgr. 47. gr. Stefnt skal að því að heildareign tryggingarsjóðs nái 1% af heildarinnlánnum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver viðskiptabanki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánnum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Yfirstjórn tryggingarsjóðs er í höndum viðskiptaráðherra og skal hann setja nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð, s. s. um skipan stjórnar og verksvið hennar, ávöxtun á fé sjóðsins og tilhögun greiðslna úr sjóðnum er tryggi eigendum innlánsfjár sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar úrskurður um töku bús viðskiptabanka til skipta er genginn.

10. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýr liður er orðist svo:

Innan eins mánaðar frá gildistöku laga þessara skal viðskiptaráðherra setja reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka. Ráðherra er heimilt að fela Seðlabanka Íslands vörslu sjóðsins.